

**18. september 2018.**

## **Fyrsti fundur nýrrar stjórnar Foreldrafélags Réttarholtsskóla 2018-2019.**

**Mættir:** Jóhann Gunnar, aðstoðar skólastjóri, Bergþóra, Sigríður, Guðrún Anna, Íris, Sigrún Alda, Kári Örn, Elísa Björk, Inga, Þórdís Heiða, Björk, Svanhvít, Gunnhildur Lilja, Ágústa, Guðrún Helga, Ingunn Mary, Arna, Guðný, Gígja, Sonja Arna, Baldvin, Hildur Björk, Sigrún Birna, Erla og Brynja.

### 1. Formanna skipti.

Bergþóra og Sigríður láta af störfum sem formenn eftir tvö ár. Bergþóra lætur af störfum í félaginu. Sigríður heldur áfram sem meðstjórnandi.

### 2. Kynning

Farið var hringinn þar sem allir kynntu sig og sögðu frá því hvaða börn þau eiga í skólanum. .

### 3. Ársskýrsla Foreldrafélags Réttarholtsskóla.

Sagt var frá því að ársskýrsla foreldrafélagsins er komin á heimasíðuna.

### 4. Það sem er framundan.

Farið yfir ýmsa viðburði sem framundan eru.

### 5. Fjáröflun.

Fjáröflun í haust er aðallega hugsuð fyrir 9. og 10. bekk vegna Lauga og Skagafjarðar, en öllum bekkjum stendur til boða að taka þátt. Vilborg, ritari hefur haldið utan um pantanir. Gulrætur og endurvinnanlegir bambustannburstar verða til sölu. Byrjað er að undirbúa þetta. Þeir sem nýta sér fjáröflunina fylla út pöntunarblað og koma svo og borga og sækja vörurnar á auglýstum degi. Hver og einn sér um að halda utan um söluna hjá sínu barni og passa upp á peningana.

### 6. Foreldraþorpið.

Foreldraþorpið er með fyrirlestra fyrir foreldra. Fyrirhugaður er fundur hjá Foreldraþorpinu. Hildur mun mæta á fundinn fyrir hönd foreldrafélagsins. Einnig verður fundur hjá foreldraþorpinu í vor.

## 7. Örnámskeið.

Örnámskeið hafa verið á haustin í Réttó þar sem boðið er upp á ýmis stutt námskeið fyrir nemendur og foreldra. Skrekks atriði skólans hefur verið sýnt áður en örnámskeiðn hefjast. Í fyrra voru nemendur með sölu á pizzum og fleiru sem nýttist sem fjáröflun fyrir nemendafélagið. Mæting síðastlin tvö ár hefur verið dræm. Því hefur verið velt upp að hugsa þetta kvöld upp á nýtt, t.d. að fá Spilavini eða eitthvað annað. Það verður rætt betur síðar.

## 8. Jólaglaðningur.

Formenn og gjaldkeri hafa séð um að færa starfsfólki Réttarholtsskóla jólaglaðning fyrir hönd Foreldrafélags Réttarholtsskóla. Ákveðið að svo verði áfram í ár.

## 9. Fyrirlestrar.

Foreldrafélagið hefur staðið fyrir því að fá fyrirlestur/fyrirlestra fyrir foreldra og stundum nemendur. Ákveðið að svo verði áfram. Fyrirlestur verður betur ræddur og valinn síðar.

## 10. Árshátíð Réttarholtsskóla.

Árshátíðin á vorönn og þá eru foreldrar að þjóna. Foreldrar í foreldrafélaginu ganga þá fyrir í þau störf, svo er leitað til annara foreldra ef það vantar fleiri. Nánar verður rætt um þetta og fyrirkomulagið þegar nær dregur.

## 11. Páskabingó.

Foreldrafélagið hefur staðið fyrir páskabingói. Foreldrar, nemendur og starfsfólk hafa mætt á bingóið. Foreldrar hafa aflað vinninga og stýrt bingóinu. Bingóið er fjáröflun fyrir foreldrafélagið. Viðburðurinn hefur verið vel sóttur. Ákveðið að vera áfram með páskabingó.

## 12. Gjöf til Réttarholtsskóla.

Foreldrafélagið gaf Réttarholtsskóla 500 bingó spjöld í vor. Þau voru afhent nú í haust vegna þess að þau voru ekki til í vor.

## 13. Foreldrarölt.

Foreldrarölt hefur verið ca 30 mín þegar böllum í skólanum er að ljúka. Mikilvægt er að fá aðila í stjórninni til að stýra því. Einnig rætt um að mikilvægt sé að gott upplýsingaflæði sé um það hvenær böllin eru.

#### 14. Facebook síða Stjórnar Foreldrafélags Réttarholtsskóla.

Stjórn foreldrafélagsins er með Fb síðu fyrir foreldra barna í Réttarholtsskóla. Það þarf einhver að halda utan um þá síðu.

#### 15. Mentor.

Upplýsingum hefur stundum verið komið á framfæri af foreldrafélaginu í gegnum Mentor. Það mega einungis vera upplýsingar sem tengjast skólanum, engar auglýsingar eða annað sem ekki tengist skólanum beint.

#### 16. Skólaráð.

Tveir aðilar úr stjórn Foreldrafélags Réttarholtsskóla eru í skólaráði. Nú þarf að fá nýja aðila til að sitja í skólaráði.

#### 17. Hlutverk fólks í nýrri stjórn foreldrafélags Réttarholtsskóla.

Stjórn foreldrafélagsins:

Formenn stjórnar foreldra félags Réttarholtsskóla: Björk Grétarsdóttir og Ingunn Mary.

Gjaldkeri: Erla.

Ritari: Brynja.

Fulltrúi stjórnar í Foreldraþorpinu: Hildur Björk.

Fulltrúar stjórnar í skólaráði: Inga Ívarsdóttir og Linda.

Bingónefnd: Svanhvít, Águsta, Sonja, Íris, Elísa Björk, Þórdís Heiða, Gunnhildur Lilja, Ingunn Mary og Guðrún Helga.

Foreldrarölt: Baldvin og Ingunn Mary.

Fb stjóri síðu Foreldrafélags Réttarholtsskóla: Íris.

Örnámskeið: Sigrún Alda, Guðrún Arna og Sigrún Birna.

Skólaráð: Inga Ívarsdóttir og Linda Ásgeirsdóttir.

Þjónar: Stjórn Foreldrafélags Réttarholtsskóla gengur fyrir í þjónastörf, leitað verður til annara foreldra ef á þarf að halda.

#### 18. Önnur mál.

Rætt um ball sem haldið var í skólanum 12. September sl. Rætt var um áfengisneyslu á ballinu. Áhyggjur eru í foreldrasamfélaginu vegna þessa. Skólinn hefur brugðist við með því að fá fræðslu fyrir foreldra. Byrjað verður á fræðslu fyrir foreldra barna í 10. bekk næsta þriðjudagskvöld 25. september. Guðrún Björg (Rúna) Áfengisráðgjafi hjá Foreldrahúsi verður með fræðsluna. Í framhaldinu verður samskonar fundur fyrir foreldra barna í 8. og 9. bekk. Spurt var um fyrirkomulag gæslu á böllum. Í gæslu á böllum í Réttarholtsskóla eru fimm kennarar og fimm starfsmenn úr Bústöðum. Rætt var um hvað foreldrar geta gert og var þar nefnt að þau geti verið virk í foreldrarölti. Þá lýstu fundarmenn áhyggjum vegna Vape neyslu.

Fundi slitið kl. 18.15

Ritari: Brynja Ólafsdóttir